

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. maí 2022
Málsnúmer: 202203-0061
SS

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu um endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslugetu á Vallá á Kjalarnesi í Reykjavík.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun dags. 29. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu um endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslugetu eggjabús Stjörnueggs hf. á Vallá á Kjalarnesi í Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 12. ágúst 2020 og miðað við hlutverk stofnunarinnar og eðli, staðsetningu og umfang framkvæmdarinnar gerði Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna. Einungis einn umhverfisþáttur sem er til umfjöllunar varðar fagsvið Náttúrufræðistofnunar en það er áhrif á yfirborðs- og grunnvatn og þá með vísun í möguleg áhrif á lífríki í nágrenni eggjabúsins og áætlaðra dreifingarsvæða hænsnaskíts.

Fráveita frá búinu mun aukast með aukinni framleiðslu. Fráveita berst í rotþró sem er tæmd og því ólíklegt að úrgangur frá henni berist í nánasta umhverfi eggjabúsins og hætta á mengun á grunnvatni og yfirborðsvatni því lítil. Mikilvægt er að vakta framkvæmd fráveitunnar og tryggja að lífræn mengun berist ekki t.d. í sjó í Hofsvík. Þar eru mikilvæg búsvæði fugla og fjörlífvera og er Hofsvík meðal svæða sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruinjasrár.

Stefnt er að því að hænsnaskítur frá búinu sé fluttur að Geldingaá í Leirársveit, eins og gert hefur verið hingað til, en einnig að dreifa honum í landi Hvítárvalla í Borgarfirði og er það nýr dreifingarstaður. Fram kemur að í landi Geldingaár verður skítum ekki dreift innan brunnsvæða vatnsverndar eða meðfram ám. Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að fyrirbyggja að skíturinn valdi lífrænni mengun í ám og lækjum. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að sótt verði um starfsleyfi og að þar megi gera ráð fyrir takmörkunum varðandi svæði til dreifingar þar sem gerð verði krafa um að fullnægjandi fjarlægð sé haldið á milli svæða sem borið er á og svæða þar sem hætta er á afrennsli í vatn.

Áætluð dreifingarsvæði eru staðsett nálægt viðkvæmum náttúruverndarsvæðum en Geldingaá rennur í Grunnafjörð sem er friðlýst svæði með ríkulegum leirum og miklu fuglalífi. Á Hvítárvöllum er eitt tún innan mikilvæga fuglasvæðisins í Andakíl sem er Ramsarsvæði og friðlýst að hluta m.a. vegna búsvæða blesgæsar á fartíma. Gæta þarf þess vel að lífræn mengun berist ekki í óásættanlegum mæli í vatnsfarvegi á þessum svæðum hvort sem er í náttúrulegar ár eða skurði á túnnum. Eins og fram kemur eru Hvítárvellir nokkuð þekkt flóðasvæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



